

**Ed. 115. Frumvarp til laga [112. mál]**

um breyting á lögum nr. 97 24. desember 1979, um eftirlaun til aldraðra, sbr. lög nr. 86/1980 og lög nr. 52/1981, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Í stað „1980—1982“ í 1. og 2. málsg. 21. gr. laganna komi „1980—1984“.

2. gr.

Í stað „1980—1982“ í 22. gr. laganna komi „1980—1984“.

3. gr.

Í stað „1980—1982“ í 24. gr. laganna komi „1980—1984“.

Við 24. gr. bætist nýr málslíður, er verði næstsíðasti málslíður og orðist svo:

Við endanlegt uppgjör vegna áráanna 1983 og 1984 skulu eftirstöðvar framlaga og ofgreiðslur reiknaðar í samræmi við ákvæði 2. málsg. 25. gr.

4. gr.

2. tölulíður 1. málsg. 25. gr. laganna verði 1. tölulíður og 3. tölulíður verði 2. tölulíður.

2. málsg. 25. gr. orðist svo:

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 1. tölulíð 1. málsg. í byrjun hvers árs. Gjaldalagi hins áætlaða framlags áráanna 1980—1982 er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Gjaldlagar áætlaðs framlags áráanna 1983 og 1984 skulu vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur árlegs

framlags í hvort sinn. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsg. 6. gr. frá 1. ágúst á framlagsárinu. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvornig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

3. málsg. 25. gr. falli niður.

5. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1983.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verðtrygging lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélagum var upphaflega mjög takmörkuð. Úr þessu var bætt árið 1976 með samkomulagi þess efnis, að lífeyrissjóðir á samningssviði hlutadeigandi samtaka skyldu standa undir aukinni verðtryggingu lífeyrisgreiðslna. Samkomulag þetta hefur síðan verið framlengt með nokkrum breytingum og samkvæmt núgildandi lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra gilda verðtryggingarákvæðin til ársloka 1982, sbr. 21. og 24. gr. laganna.

Í samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 30. júní 1982 er gert ráð fyrir óbreyttri tilhögun árin 1983 og 1984. Er því lýst yfir, að þessir aðilar séu sammála um að beina því til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að hann beiti sér fyrir því, að ákvæði 21. og 24. gr. laga nr. 97/1979 verði framlengd til loka gildistíma laganna, þ. e. til ársloka 1984.

Ákvæði um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélagum eru í I. kafla laganna frá 1979 og fjallar framangreint samkomulag um þær greiðslur. Í II. kafla laganna er kveðið á um eftirlaun til þess hóps manna, sem við bætist í ársbyrjun 1980, en um kostnað af þeim eftirlaunagreiðslum ásamt sérstakri uppbót á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda er kveðið á í 25. gr. Samkvæmt 3. málsg. þeirrar greinar er með hliðsjón af gildistíma verðtryggingarákvæðanna í 21. og 22. gr. gert ráð fyrir endurskoðun þessara ákvæða í árslok 1982.

Í meðfylgjandi lagafrumvarpi er kveðið á um framlengingu verðtryggingarákvæða 21. gr. laganna frá 1979 og ákvæða 24. gr. um kostnað af þeirri verðtryggingu í samræmi við áður nefnt samkomulag launafólks og atvinnurekenda. Þá er kveðið á um hliðstæða framlengingu á ákvæðum 22. og 25. gr. laganna. Í frumvarpinu felast enn fremur breytingar á gjalddögum og uppgjöri á eftirstöðvum framlaga lífeyrissjóða.

#### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Vísað er til almennra athugasemda hér að framan.

Um 3. gr.

Vísað er til almennra athugasemda og athugasemda við 4. gr.

Um 4. gr.

1. töluliður 1. málsgr. 25. gr. laga nr. 97/1979 var felldur niður með lögum nr. 52/1981, og er töluröð annarra liða málsgreinarinnar breytt í samræmi við það.

Samkvæmt 25. gr. laganna er gjalddagi framlaga lífeyrissjóða 1. apríl ár hvert. Samkvæmt reglugerð nr. 207/1980 er lífeyrissjóðum heimilt að skipta ársgreiðslunni í tvo hluta með eindaga 30. apríl og 31. júlí. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að gjalddagar verði tveir, 1. apríl og 1. ágúst. Ennfremur er gert ráð fyrir, að við lokauppgjör verði þeim sjóðum, sem samkvæmt áætlun hefur verið gert að greiða hærri fjárhæð en þeim bar, skilað ofgreiðslunni með verðbótum og á sama hátt verði eftirstöðvar greiddar með verðbótum.

Um 5. gr.

Þar sem útgjöldum vegna fæðingarorlofs hefur nú verið létt af Atvinnuleysistryggingasjóði, eru forsendur fyrir bráðabirgðaákvæðum laganna frá 1979 fallnar brott.

**Lög nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.**

**Fjárhagsáætlun fyrir árið 1983 og endurskoðuð áætlun fyrir árið 1982.**

	1983	1982
	Þús. kr.	Þús. kr.
<b>Útgjöld:</b>		
1. Lífeyrir skv. I. kafla án uppbótar .....	39 800	26 535
2. Uppbót skv. I. kafla .....	76 330	55 310
3. Viðbót (3 stig) .....	25 360	17 860
4. Lífeyrir skv. II. kafla .....	25 000	15 720
5. Uppbót skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bændna .....	18 770	13 600
	<hr/>	<hr/>
	185 260	129 025
<b>Tekjur:</b>		
I. kafli, sbr. 23. og 24. gr.:		
Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs, 75% af 1. lið .....	29 850	19 901
Framlag ríkissjóðs, 25% af 1. lið .....	9 950	6 634
Framlag „samkomulagssjóða“ .....	76 330	55 310
Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna viðbótarlíf. (3 stiga) .....	25 360	17 860
II. kafli og uppbót skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bændna:		
Framlag lífeyrissjóða .....	24 500	17 500
Framlag ríkissjóðs, 40% af afg. ....	7 708	4 728
Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs, 30% af afg. ....	5 781	3 546
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 30% af afg. ....	5 781	3 546
	<hr/>	<hr/>
	185 260	129 025